

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 19. janúar 2017
2017010029/42-2
TB
jgo/tb

Matsáætlun, hálendismiðstöð Kerlingarfjöllum í Hrunamannahrepp, umsögn

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 3. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun um hálendismiðstöð Fannborgar ehf. í Kerlingarfjöllum. Óskað er eftir athugasemdum um hvort nægjanlega vel sé gert grein fyrir þeim þáttum sem framkvæmdaraðili hyggst fjalla um í frummatsskýrslu og matsskýrslu þ.e. umhverfisþætti sem matið á að taka til, valkosti, gagnaöflun og úrvinnslu gagna til að meta umhverfisáhrif og framsetningu.

Náttúrufræðistofnun vill taka fram að stofnunin mun vinna greinargerð um jarðmyndanir og gróðurfar á framkvæmdasvæðinu og meta verndargildi þess. Greinargerðin er kostuð af Fannborg ehf. en er mat Náttúrufræðistofnunar á framangreindum þáttum og byggir m.a. á eldri rannsóknum stofnunarinnar, sjá annars kafla 4.4.2 í matsáætluninni.

Í matsáætluninni er vel lýst þeirri stjórnsýslulegu umgjörð sem fyrirhuguð framkvæmd þarf að taka tillit til s.s. að svæðið er á náttúrumuinjaskrá, í verndarflokki rammaáætlunar, er þjóðlenda, svæðið á að friðlýsa og vinna þarf skipulag í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag og fara þarf í mat á umhverfisáhrifum. Einnig að vinna þarf matið í samræmi við landsskipulag. Rétt er að benda á að miðað við sögu svæðisins, landsskipulag og drög að friðlýsingarskilmálum þá er ekki gert ráð fyrir mörgum kostum hvað varðar staðsetningu þjónustukjarna í Kerlingarfjöllum. Hvað varðar umfang og útfærslur þjónustukjarna innan þess svæðis þá þarf að færa rök fyrir því í frummatsskýrslu/matsskýrslu að þær lausnir sem boðið verður upp á séu í samræmi við m.a. markmið landsskipulags og laga um náttúruvernd. Þ.e. meta þarf valkost framkvæmdaraðila og umfang hans miðað við minni þjónustukjarna og/eða að hann verður fluttur annað. Gera þarf vel grein fyrir áhrifum utan hins eiginlega framkvæmdasvæðis, verði að uppbryggingu, og hvernig veður tekið á skipulagi ferðamennsku þar.

Náttúrufræðistofnun telur að matsáætlunin geri ráð fyrir að í matsskýrslu verði fjallað um þá þætti sem eru á starfssviði Náttúrufræðistofnunar og gerir því ekki frekari athugasemdir.



Í frummatsskýrslu mun svo væntanlega koma fram hvort nægjanlega vel hefur verið fjallað um einstaka þætti framkvæmdarinnar og heildaráhrif hennar.

Virðingarfullst

J. Gunnar Ottósson

Jón Gunnar Ottósson

forstjóri

Trausti Baldursson

Trausti Baldursson

